



Reglur Fjarðabyggðar um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

I. kafli

Almennt um stuðning við fatlað fólk

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita skv. 1., 2., 3. og 5. tölul. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Að jafnaði skal nýta almenna þjónustu samkvæmt reglum um stuðningsþjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, áður en stuðningur samkvæmt reglum þessum kemur til. Öll þjónusta til fatlaðs fólks skal vera samfelld og samþætt í þágu einstakra notenda.

2. gr.

Markmið

Markmið stoðþjónustu samkvæmt reglum þessum er að veita fötluðu fólki stuðning til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum.

Markmiðið er að styðja notendur sem þurfa, aðstæðna sinna vegna, á stuðningi að halda við margháttaða aðstoð við athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, verið sjálfstæð og félagslega virk. Stuðningur byggist fyrst og fremst á þeim markmiðum sem fatlað fólk setur sér til að ráða við daglegt líf.

3. gr.

Stuðningur

Stoðþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu og langvarandi stuðningsþarfa þar sem stuðningsþörfum verður ekki fullnægt innan almennrar þjónustu. Um er að ræða margháttaðan stuðning sem byggist meðal annars á einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess.

Með stuðningi í reglum þessum er átt við eftirfarandi þjónustubætti:

- a) Stuðningur við athafnir daglegs lífs, sem tekur mið af þörfum notanda.
- b) Stuðningur við heimilishald er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima sem aðrir heimilismenn eru ekki færir um að annast sjálfir. Auk þess er veittur stuðningur við nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c) Félagslegur stuðningur miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja til þátttöku í félags- og tómstundastarfi sem og að styðja við atvinnuþátttöku, nám o.fl.

Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning. Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi, eftir því sem kostur er.



Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir.

II. kafli Skilyrði fyrir stoðþjónustu

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stoðþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðning samkvæmt reglum þessum.

- Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef einstaklingur er yngri en 18 ára vísast til reglna Fjarðabyggðar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Fjarðabyggð þegar sótt er um. Fatlað fólk sem er með lögheimili utan Fjarðabyggðar getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi skrái lögheimili sitt í Fjarðabyggð þegar stuðningur hefst.
- Umsækjandi skal teljast með fötlun í skilningi laga, nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir enda sé sýnt að fötlunin stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.
- Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Fatlað fólk sem býr í sértæku húsnæði getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjandi flytji í sjálfstæða búsetu þegar stuðningur hefst.
- Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðning samkvæmt 7. gr. reglna þessara.
- Umsækjandi skal hafa fullnýtt þjónustu samkvæmt reglum Fjarðabyggðar um stuðningsþjónustu.

III. kafli Umsóknir og mat

5. gr.

Umsókn

Sótt er um stoðþjónustu með rafrænum hætti í gegnum íbúagátt en einnig er hægt að nálgast umsókn hjá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar. Umsókn er lögð fram af hálfu einstaklings, sem óskar eftir stuðningi, eða eftir atvikum starfsfólki heilbrigðis- og/eða velferðarþjónustu.

Að fenginni umsókn um stoðþjónustu er umsækjanda boðið viðtal. Ráðgjafi metur stuðningsþörf umsækjanda skv. 7. gr. reglnanna og veitir ráðleggingar um þá þjónustu sem getur komið til móts við þarfir viðkomandi.

6. gr.

Fylgigögn með umsókn og upplýsingaöflun

Við undirritun umsóknar er umsækjandi upplýstur um heimild stofnunar til að afla gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir. Heimilt er að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum og/eða gögnum frá umsækjanda og öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur. Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- Örorkumat eða umönnunarmat.
- SIS-mat.
- Staðfesting á fötlun, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og greiningarstöð.

**7. gr.****Mat á stuðningsþörf**

Mat á stuðningsþörf er gert í samvinnu við umsækjanda og tekur mið af þörfum hans fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun hans. Mat á stuðningsþörf fer fram á fjölskyldusviði Fjarðabyggðar, á heimili umsækjanda eða á öðrum vettvangi í samráði við umsækjanda. Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar og taka mið af þörfum og aðstæðum fjölskyldu umsækjanda.

Við mat á stuðningsþörf er horft til heildaraðstæðna umsækjanda og skipulags daglegs lífs. Markmiðið er að styðja umsækjanda til að leita sem bestu mögulegu lausna við heimilishald og athafnir daglegs lífs til þess að geta búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs.

Við mat á stuðningsþörf og við forgangsöröðun umsókna skal litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- a) Þarfa umsækjanda fyrir stuðning.
- b) Færni/getu og styrkleika.
- c) Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
- d) Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
- e) Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
- f) Annars veitts stuðnings.

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á meðferðarfundi fjölskyldusviðs og þar er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er. Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið.

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar umsókn um stoðþjónustu hefur verið samþykkt af meðferðarfundi fjölskyldusviðs er gerð stuðningsáætlun.

Þegar um er að ræða stuðning vegna veikinda skal stuðningur ætíð metinn, skipulagður og samhæfur með fagaðilum heilbrigðisþjónustu í samræmi við þarfir umsækjanda.

8. gr.**Forgangsöröðun umsókna**

Uppfylli umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara skal umsókn metin á grundvelli viðurkenndra matsviðmiða. Að mati loknu raðast umsóknir í forgangsöröð á grundvelli viðmiða. Þegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, þegar við á, og stuðningur getur hafist. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur verði veittur.

Ef fyrirséð er að stuðningur geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um biðlista, forgangsöröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018.

**9. gr.****Áætlun um framkvæmd stuðnings**

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir áætlun um framkvæmd stuðnings svo sem stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn reglulega. Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi.

Í áætlun skal að lágmarki koma fram:

- Markmið með stuðningi og hvernig þeim skuli náð.
- Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
- Gildistími áætlunar.

IV. kafli**Framkvæmd****10. gr.****Tími og umfang stuðnings**

Að jafnaði er stuðningur samkvæmt reglum þessum veittur á milli kl. 07:00 og 23:00 þegar um er að ræða stoðþjónustu utan búsetukjarna. Almenn er stoðþjónusta veitt á dagvinnutíma á virkum dögum. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við nauðsynlegar athafnir dagslegs lífs og félagslegur stuðningur í samræmi við þarfir notanda.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stoðþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda klukkustunda í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum.

11. gr.**Breyttar aðstæður og endurmat**

Notanda, eða eftir atvikum aðstandendum, lögráðamanni eða persónulegum talsmanni, ber að upplýsa fjölskyldusvið Fjarðabyggðar um breytingar á högum sem gætu haft áhrif á fyrirliggjandi mat.

Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða stuðningsþörf og áætlun um framkvæmd stuðnings.

Leitast skal við að meta og skrá árangur stoðþjónustu með reglubundnum hætti.

V. kafli.**Ýmis ákvæði****12. gr.****Vinnuaðstæður**

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 merkir vinnustaður það umhverfi innanhúss og utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um starfa sinna vegna. Þar skal gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður. Starfsmaður skal hafa aðgang að þeim búnaði sem nauðsynlegur er svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi.



Vinna starfsmanna í stoðþjónustu fer fram á heimilum fólks og þarf notandi eða umbjóðandi hans að tryggja að aðstæður séu þannig að áður nefndum atriðum sé fullnægt.

Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Fresta getur þurft þjónustu á meðan leitað er ráðgjafar og aðstoðar við að finna viðeigandi lausnir.

Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notenda og notendur samþykkja að reykja ekki á meðan starfsmenn eru inni á heimilinu.

VI. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

13. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

14. gr.

Málshraði

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst. Sama á við ef fjölskyldusviði Fjarðabyggðar berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Fjölskyldusvið Fjarðabyggðar skal taka ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

15. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsókna, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

16. gr.

Endurskoðun

Rétt til stoðþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stoðþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

**17. gr.****Rangar eða villandi upplýsingar**

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stoðþjónustu er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það synjun umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

18. gr.**Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014.

19. gr.**Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

20. gr.**Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði fjölskyldunefndar Fjarðabyggðar.

21. gr.**Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu á afgreiðslu umsóknar með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar.

Ákvörðun meðferðarfundar fjölskyldusviðs skal kynnt umsækjanda bréflaga og aftur kynntur réttur hans til að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála.



22. gr.

Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála

Umsækjandi getur kært ákvörðun meðferðarfundar fjölskyldusviðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun fundarins.

23. gr.

Gildistaka

Reglur þessar eru settar af bæjarstjórn Fjarðabyggðar og öðlast gildi 4. september 2025. Eldri reglur sama eðlis falla þá jafnframt úr gildi.

22. september 2025


Jóna Árný Þórðardóttir

bæjarstjóri